

AUGLÝSING

um niðurfellingu skipulagsskráa fyrir atvinnurekandi sjálfseignarstofnanir.

Með vísun til 1. mgr. 50. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, hefur dómsmálaráðherra fellt úr gildi skipulagsskrár fyrir eftirtaldar stofnanir, þar sem nýjar samþykktir fyrir þær hafa verið skráðar á sjálfseignarstofnanaskrá Hagstofu Íslands í samræmi við lög nr. 33/1999.

Nr. í sjóðaskrá	Heiti	Nr. í B-deild Stjórnartíðinda
1201	Þjónustumiðstöð bókasafna	297/1978
1356	Íslenska óperan	95/1989
1433	Sjálfseignarstofnun Verslunarráðs Íslands um viðskiptamenntun	582/1998

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. janúar 2001.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 40

12. janúar 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 763/2000 um váttryggingu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu.

1. gr.

4. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:
Fjárhæðir samkvæmt þessari grein skulu miðast við vísitölu neysluverðs 202,1 og breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni.

2. gr.

Nýr málslíður bætist við 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar er orðast svo:
Um fjárhæðir þessar gilda ákvæði 4. mgr. 2. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, sbr. lög nr. 176/2000, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. janúar 2001.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.